

Aðalfundur Knattspyrnudeildar Breiðabliks
Knattspyrnudeild Breiðabliks
Fundargerð – Teams fundur



10. nóvember 2020 kl. 17:35

Orri Hlöðversson, formaður, setti fund og bauð fundarmenn velkomna á þennan sérstaka aðalfund

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Hann stakk upp Andrési Péturssyni sem fundarstjóra og Flosa Eiríkssyni sem ritara.

Samþykkt.

Andrés tók við fundarstjórn og sagði fundarmönnum frá því að fundurinn væri hljóðritaður. Andrés fór yfir boðun fundarins og lýsti hann lögmætan.

Hann upplýsti að í samræmi við lög og venjur undanfarin ár yrði ársreikningur lagður fram staðfestur af skoðunarmönnum á framhaldsaðalfundi sem haldinn verður fyrir lok mars.

Samþykkt

2. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar, lagði fram skýrslu stjórnar, fór yfir helstu atriði starfsins á þessu sérstaka og fordæmalaus ári. Hér að neðan eru nokkur atriði í skýrslunni.

„Árið 2020 fer í sögubækurnar sem eitt af undarlegustu árum í lífi okkar flestra ef ekki allra. Á tímum heimsfaraldurs högum við þurft að skipuleggja daglegt líf okkar upp á nýtt. Öllu hefur verið snúið á hvolf og það sem áður var sjálfsagður hluti af okkar rúttinu frá degi til dags er ekki lengur í boði.

Þessi lýsing á líka við um starf knattspyrnudeildar Breiðabliks á árinu. Aðstæður til reksturs og hefðbundinna starfa hafa verið gríðarlega krefjandi og reynt svo um munar á innviði félagsins.

Og sem betur fer eru þeir sterkir. Fjárhagslegum áskorunum hefur tekist að mæta nokkuð vel og vel skipulagt starf starfsmanna og sjálfboðaliða gerði það mögulegt að

halda úti kröftugu starfi. Mig langar að drepa hér niður í pistli formanns BUR sem nýverið birtist á heimsíðu Breiðabliks:



Faraldurinn hafði líka mikil áhrif á starf meistaraflokka félagsins sem þó gengu fyrir sig með miklum ágætum. Sóttvarnaaðstæður þrengdu þó óneitanlega að starfinu og höfðu á köflum mikil áhrif á andrúmsloftið á leikjum meistaraflokkanna. Árangurinn innan vallar var góður. Meistaratitill í kvennaflokki, þar sem við tefldum að flestra mati fram lang besta liði landsins, og Evrópusæti í karlaflokki. Vissulega urðu mótslok með sérstökum hætti, en svona var punktstaðan þegar loks var gefist upp á mótahaldinu og úrslitin ákveðin í samræmi við aðferðafræði sem allir þekktu fyrir og gekk jafnt yfir alla.

Störf stjórnar gengu farsælega fyrir sig á árinu. Stjórnin hittist að jafnaði á tveggja vikna fresti og ræður ráðum sínum auk verkefna og starfa ráða á milli funda. Við störf sín nýtur hún dyggjar aðstoðar starfsmanna, einkum framkvæmdastjóra félagsins og deildarstjóra knattspyrnudeildar. Eru þeim og öðrum starfsmönnum þökkuð góð störf og samvinna.

Nú þegar líða tekur að aðventu virðst sem vágsturinn COVID-19 sé nú á undanhaldi. Sú tilhugsun léttir lund okkar allra sem þá sjáum fram á að geta sett starf knattspyrnudeildar Breiðabliks í fullan gang á ný. Það er á þeim punkti sem ég vil enda mál mitt hér í dag. Ég þakka að sjálfsögðu öllum þeim fjölmörgu einstaklingum sem komið hafa að starfi knattspyrnudeildar á síðastliðnu ári fyrir þeirra framlag. Þar er hvert handtak mikilvægt og þáttur í þeirri sterku keðju sem myndar félagsstarfið okkar.“

Umræður um skýrslu stjórnar:

Andrés spurðist fyrir um stöðuna hjá meistaraflokkum félagsins og leikmannamál almennt.

Orri og Eysteinn Pétur Lárusson (framkvæmdastjóri) fóru yfir stöðu á einstökum samningum. Ræddu líka þær breytingar sem eru að verða á leikmannamarkaði kvennamegin. Uppbygging Augnabliks og fleira.

Sigurður Hlíðar (deildarstjóri knattspyrnudeildar) bætti svo við upplýsingum um vinnulag og stefnu. Covid-19 hefur stöðvað í bili tengsl og æfingaferðir sem búið var að byggja upp við Ajax og AC Milan meðal annars.

Orri ræddi síðan nokkuð um „sölu“ ungra leikmanna af landi brott – vinnubrögð í kringum það og nauðsyn þess að auka fagmennsku.

Eiríkur Hjálmarsson kom inn á málefni þessara ungu manna, hvort hætta væri að þeir væru að fara of snemma út, og hvort félagið gæti stutt þá með sterkari hætti.

Orri tók undir með Eiríki og lagði áherslu á að félagi þyrfti að fræða leikmenn og aðstandendur þeirra um hvað slík ákvörðun þýði og þar sé óunnið verkefni.

Eysteinn upplýsti að hluti af vinnuna sem deildin er að vinna með Viðari

Halldórssyni í stefnumörkun – og hluti af þeirri vinnu verður vonandi fræðsluefni.

Jafnframt væri það betra fyrirkomulag að núna er ungir leikmenn lánaðir með kauprétti sem sé betra fyrirkomulag fyrir alla.



3. Kosningar

Kosning formanns

Framboð barst frá Orra Hlöðversssyni sem er rétt kjörinn formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks.

Orri Hlöðversson, þakkaði fyrir það traust sem honum er sýnt og hlakkar til að takast á við krefjandi verkefni á næsta ári.

Kosning sex stjórnarmanna

Framboð bárust frá;

Bjarna Bergssyni

Flosa Eiríkssyni

Halldóri Arnarssyni

Helga Aðalsteinssyni

Ingibjörgu Auði Guðmundsdóttur

Jóhanni Þór Jónssyni

Eru það jafnmargir og kjósa skal og eru þau réttkjörin í stjórn Knattspyrnudeildar Breiðabliks.

Fundarstjóri fagnaði þeim stöðugleika sem er í stjórn deildarinnar sem hann taldi ómetanlegan.

4. Umræða um málefni deildar

- Ólafur Björnsson, spurðist hvort eitthvað væri að fréttu af aðstöðumálum deildarinnar.
- Orri sagði frá því að það væri verið að klára nýja flóðlýsingu við Fagralund sem væri stærsta einstaka framkvæmdin, en almennt væri stjórnin að reyna að halda bæjaryfirvöldum við efnið. Sé horft til framtíðar þarf fleiri gervigrasflatir í Kópavogsdalnum.
- Eysteinn rakti aðeins minni framkvæmdir, Myndir af leikmönnum þegar komið er inn á svæðið, aðstöðu sem stjórnarmenn komu upp á fyrstu hæð í stúkunninni en nýtist náttúrulega ekki nógðu vel vegna ástandsins. Nefndi einnig Lead skilti, nýja töflu inn í Fífuna og fleira.
- Sveinn Gíslason, formaður Breiðabliks, byrjaði á að þakka stjórn fyrir störf sín á liðnu ári og fagnaði því að hún hefði gefið kost á sér til áframhaldandi starfa.



- Sveinn ræddi síðan vinnu við Aðalskipulag Kópavogs, Breiðablik fékk Jakob Líndal arkitekt til að vinna með félaginu og skýra ýmis mál.
- Sveinn sagði líka frá vinnu á vegum ÍSÍ um stuðning við íþróttafélög vegna Covid sem væri á lokametrunum. Rætt um ýmis önnur úrræði sem eru í vinnslu af hálfu stjórnvalda.

Orri þakkaði fyrir fundinn, þakkaði starfsfólki og öllum sem stjórnin hefur unnið með á liðnu starfsári og hlakkaði til sigrá á næsta starfsári.

Fundarstjóri lagði til að sér og fundarritara yrði falin frágangur fundargerðarinnar

Samþykkt

Að því loknu sleit formaður knattspyrnudeildar fundi kl. 18:38